
Ár 2010, þriðjudaginn 18. maí kl: 18:30 kom bæjarstjórn Hveragerðis saman til fundar á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar.

Fundinn sátu Eyþór H. Ólafsson, Unnur Þormóðsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Róbert Hlökkversson og Viktoría Sif Kristinsdóttir

Fundargerð var rituð í tölvu af Björgu Hilmisdóttur

Forseti bæjarstjórnar, Eyþór H. Ólafsson, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum um fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Fundargerðir

1.1. Skipulags- og byggingarnefndar frá 11. maí 2010.

2. Lögð fram kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga 29. maí 2010

3. Erindi frá Sýslumanninum á Selfossi frá 10. maí 2010.

Hér var gengið til dagskrár

1. Fundargerðir;

Skipulags- og byggingarnefndar frá 11. maí 2010.

Engin tók til máls.

Fundargerðin samþykkt samhljóða

2. Lögð fram kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga 29. maí 2010

Bæjarstjórn samþykkir framlagða kjörskrá án athugasemda. Jafnframt samþykkir bæjarstjórn að fela bæjarráði fullnaðarvald til að gera þær leiðréttingar á kjörskrá sem kunna að koma upp fram að kjördegi.

3. Erindi frá Sýslumanninum á Selfossi frá 10. maí 2010.

Í erindinu er óskað eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna umsóknar Edens Aldingarðs á veitingaleyfi.

Bæjarstjórn gerir ekki athugasemdir varðandi umsókn Eden Aldingarðs kt. 460510-0150 um nýtt veitingaleyfi í flokki II.

Bæði opnunartími og staðsetning staðarins er innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins kveður á um.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:40

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Herdís Þórðardóttir

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign).

Róbert Hlöðversson, (sign).

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Viktoría Sif Kristinsdóttir, (sign).

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign).